

Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2002

Stjórn og starfslið

Engar breytingar urðu á stjórn Siðfræðistofnunar á árinu en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af heimspekiskor, kosinn formaður stjórnar, Björn Björnsson, prófessor, tilnefndur af guðfræðideild, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af Kirkjuráði, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild, skipaður án tilnefningar. Fyrir utan forstöðumann Salvör Nordal, sem er í fullu starfi, hafa sérfræðingar verið ráðnir í einstök rannsóknarverkefni. Má þar helsta nefna Garðar Á. Árnason og Þorvarð Árnason, sem hafa haft daglega verkstjórn á tveimur stórum rannsóknum á vegum stofnunarinnar.

Rannsóknir

Rannsóknir á gagnagrunnum.

Í byrjun ársins 2002 hófst formlega evrópskt rannsóknarverkefni á gagnagrunnum á heilbrigðissviði með myndarlegum styrk úr Fimmtu rammaáætlun Evrópuráðsins. Verkefnið ber nafnið *Ethical, Legal and Social Aspects of Human genetic Databases*, ELSAGEN og eru samstarfsaðilar verkefnisins í Eistlandi, Englandi og Svíþjóð. Stjórnun á verkefninu er í höndum Siðfræðistofnunar undir yfirstjórn Vilhjálms Árnasonar, prófessors, en Rannsóknarþjónusta H.Í. sér um fjármálalegan þátt verkefnisins. Íslenski rannsóknarhópurinn telur átta manns, þar af þrjá doktorsnema sem vinna námsritgerðir sínar í tengslum við verkefnið.

Haldnir voru tveir fundir vegna ELSAGEN á árinu: sá fyrri í Eistlandi í janúar og sá síðari í maí í Englandi. Í tengslum við Evrópuverkefnið um gagnagrunna fékkst styrkur frá NorFA til að búa til samstarfsnet á sviði siðfræði og lífvísinda, *The Ethics of Genetic and Medical Information*. Auk Siðfræðistofnunar, sem leiðir verkefnið, standa að rannsókninni vísindamenn frá Eistlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Englandi. Í tengslum við þetta verkefni var upphafsfundur í Eistlandi í janúar 2002, þá var NorFA-workshop í Englandi í maí og síðan NorFA seminar í Finnlandi í september. Samhliða ELSAGEN-verkefninu hefur verið unnið að tengdu verkefni með styrk úr Markáætlun Rannís um upplýsingatækni um verkefni sem heitir *Siðareglur gagnagrunna og persónuvernd* og er rannsókn á gagnagrunnum öðrum en miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Náttúrusiðfræði

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands er í forsvari fyrir rannsóknarverkefninu *Forsendur sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi*. Verkefnið hófst í júní árið 2001 og fékk þá styrk úr Markáætlun Rannís. Á árinu 2002 fékkst framhaldsstyrkur að upphæð 4 milljónir. Verkefnið er unnið í samvinnu við Félagsvísindastofnun H.Í., Sagnfræðiskor H.Í. og Staðardagskrárverkefni Reykjavíkurborgar. Verkefnisstjóri er Dr. Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands. Rannsóknarhópurinn telur tíu manns, þar af einn doktorsnema og tvo meistaranema sem allir munu vinna námsritgerðir sínar í tengslum við verkefnið.

Önnur verkefni:

Í lok ársins 2002 fengust tveir styrkir frá Kristnihátíðarsjóði í rannsókn á *Siðanefndum starfstétta* undir stjórn Róberts H. Haraldssonar og til fyrirlestraraðarinnar *Siðfræði og samtími*, undir stjórn Vilhjálms Árnasonar. Bæði verkefni hófust í byrjun árs 2002.

Nám í starfstengdri siðfræði

Í byrjun árs 2002 hóf göngu sína 30 eininga viðbótarnám í starfstengdri siðfræði við heimspekiskor. Námið er í umsjón Siðfræðistofnunar og tók hún fullan þátt í undirbúningi námsins. Samstarfsaðilar eru Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Átta manns hófu námið í janúar og fékk það mjög góðan hljómgrunn. Á haustdögum var ákveðið að endurskoða námið í ljósi reynslunnar og voru m.a. gerðar þær breytingar að náminu var deilt á þrjú misseri í stað tveggja og gert ráð fyrir að nemendur hæfu námið á haustmisseri í stað vormisseris eins og var áður.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur stjórnvalda á árinu og veitti fagfélögum og fyrirtækjum ráðgjöf, einkum um siðareglur.

Fyrirlestrar og ráðstefnur

Á vormisseri 2002 var haldið áfram málþingsröð í samvinnu við Borgarleikhúsið og Ævar Kjartansson á Rás 1 en útvarpað var frá öllum málþingunum. Þann 7. febrúar hélt Bryndís Valsdóttir, erindi um klónun, byggt á M.A. ritgerð hennar. Andmælendur á fundinum voru prófessorarnir Vilhjálmur Árnason og Guðmundur Eggertsson. Þann 7. mars var málþing um leikritið Gestinn eftir Eric-Emmanuel Schmitt, og héldu erindi prófessorarnir Vilhjálmur Árnason, Dagný Kristjánsdóttir og Pétur Pétursson. Síðasta málþing vetrarins var þann 11. apríl og þá fjölluðu þeir Þorsteinn Gylfason, prófessor, og Karl Th. Birgisson, blaðamaður, um siðfræði stríðs. Þann 3.-4. maí var haldinn fundur í samvinnu við Skálholtsskóla um samþykki í rannsóknum og tóku þátt ýmsir þeir sem starfa í Vísindasiðanefnd, siðanefndum sjúkrahúsanna og við rannsóknir. Framsögur fluttu þau Páll Hreinsson, prófessor, Björn Guðbjörnsson, læknir og formaður Vísindasiðanefndar, Sigurður Guðmundsson, landlæknir, Sigurður Kristinsson, lektor H.A., Jón Jóhannes Jónsson, læknir og formaður siðanefndar LSH og Sigmundur Sigfússon, læknir og formaður siðanefndar FSA. Þann 16. mars var haldið málþing með Verkjafræðafélagi Íslands undir yfirskriftinni *Um kvöl og verki*. Fundurinn var haldinn í Safnaðarheimili Hallgrímskirkju og fluttu framsögur þeir Jósep Ó. Blöndal, læknir, Páll Skúlason, rektor, Sigfinnur Þorleifsson, sjúkrahúsprestur, Halldór Björn Runólfsson, listfræðingur. Pallborðsumræðum stjórnaði Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor. Efni frá fundinum var útvarpað á RUV. Í samvinnu við Líffræðifélag Íslands, var haldin ráðstefna þann 14. september undir yfirskriftinni: *Vits er þörf*. Dagskráin tókst vel en fyrir hönd Siðfræðistofnunar töluðu þau Bryndís Valsdóttir, Stefán Hjörleifsson, Vilhjálmur Árnason og Þorvarður Árnason. Sheila Jasanoff, prófessor við Harvard-háskóla hélt erindi á vegum Siðfræðistofnunar og Heimspekideildar þann 18. apríl.